

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 42 11. marz 1964.

1. gr.

23. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

- a. Af skipum, sem eru stærri en 10 brúttórúmllestir og eru eign Akureyringa og skrásett þar, skal greiða lestagjald einu sinni á ári kr. 15.00 fyrir hverja rúmllest. Gjaldldagi er 2. janúar.
- b. Innlend fiskiskip skulu greiða lestagjald kr. 1.50 fyrir hverja rúmllest í hvert skipti, er þau koma til hafnarinnar.
Strandferðaskip, sem eru einungis í innanlandssiglingum, skulu greiða kr. 0.50 fyrir hverja rúmllest, þó ekki meira en kr. 10.00 á ári fyrir hverja rúmllest.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða kr. 1.50 fyrir hverja rúmllest í lestagjald. Undanþegin lestagjaldi eru þó herskip, varðskip og björgunarskip, skemmtiferðaskip, rannsóknarskip og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemda.

2. gr.

25. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Bryggjugjöld.

- a. Gjald af bryggjum hafnarsjóðs: Hvert skip, stærra en 10 brúttórúmllestir, sem leggst við bryggju eða hafnarbakka eða við skip, sem liggur við bryggju eða hafnarbakka, skal greiða bryggjugjald að brúttórúmllestatölu skipsins, talið í heilum rúmllestum, en brotum skal sleppa. Bryggjugjaldið er kr. 0.60 af brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta sólarhrings, þó aldrei minna en kr. 75.00 í hvert sinn.
Undanþegin bryggjugjaldi eru björgunar- og varðskip, og herskip.
- b. Gjald af bryggjum einstakra manna: Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af sínum eigin fiskiskipum eða öðrum fiskiskipum, meðan þau reka fiskveiðar frá Akureyri og leggja upp á þeirra eigin bryggjur. Flutningaskip og önnur gjaldskyld skip, greiði samkvæmt gjaldskrá hafnarsjóðs $\frac{1}{2}$ bryggjugjald.
Hafnarnefnd er heimilt að lækka gjald, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

3. gr.

26. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Bátar minni en 10 brúttórúmllestir eru undanþegnir lesta- og bryggjugjaldi, en greiða skulu þeir, einu sinni á ári, kr. 450.00 í skipakvíargjald. Gjaldldagi þess er 2. janúar ár hvert.

4. gr.

32. grein reglugerðarinnar orðist þannig:

Vörugjaldskrá.

1. flokkur. Gjald kr. 2.10 pr. 100 kg:

Kol, koks, salt, sement, leir, kalk, vörur úr ódýrum steinefnum s. s. legsteinar, hleðslusteinar, gólf- og veggflisar úr steinefnum, vikur.

2. flokkur. Gjald kr. 3.50 pr. 100 kg:
Kornvörur, mjölvörur, garðávextir, fóðurbætir, tilbúinn áburður, sjávarafurðir til útflutnings, landbúnaðarafurðir til útflutnings og iðnaðarvörur til útflutnings.
3. flokkur. Gjald kr. 4.20 pr. 100 kg:
Benzín og oliur, sykur, ull, kjöt, kaffi, kaffibætir og hráefni til þess, feiti og oliur til smjörlikis-, sápu- og málningarframleiðslu, vatnsleiðslu- og miðstöðvarvörur, hreinlætisvörur, gler, óunnið járn, bárujárn og saumur.
4. flokkur. Gjald kr. 14.00 pr. 100 kg:
Hráefni til iðnaðar ótalið annars staðar, útgerðarvörur, vélar og mótorar ót. a., þungavinnuvélar, landbúnaðarvélar og tæki, bifreiðar, bifhjól og hjólhestar og varahlutir til þeirra, tjara, bik, asfalt, byggingarefni ótalið annars staðar, þ. á m. gólfdukar úr línoleum, pappa, plasti og asbesti.
5. flokkur. Gjald kr. 28.00 pr. 100 kg:
Pappírsvörur, nýlendu- og hreinlætisvörur, leirvörur, glervörur og búsáhöld, ávextir, leðurvörur, brauðvörur, gúmmívörur, kálmeti og plöntur, jarðstrengir og vír alls konar og allar aðrar vörur, sem ekki eru annars staðar taldar og gjald er reiknað eftir þyngd.
6. flokkur. Gjald kr. 42.00 pr. 100 kg:
Lyfjavörur, vefnaðarvörur, snyrtivörur, rafmagnsvörur, niðursuðuvörur ótalið annars staðar, kryddvörur, sportvörur, s. s. ljósmyndavörur, áttavítar, klukkur, mælitæki, símataeki, útvarpstæki og upp-tökutæki, leikföng, skot og skotfæri, húsgögn.
7. flokkur. Gjald kr. 56.00 pr. 100 kg:
Tóbaksvörur, tóbak, vín og spiritus, eldspýtur.
8. flokkur. Gjald kr. 28.00 fyrir hvern grip:
 - a. Hestar, nautgripir, svín.
 - b. Sauðfé. Gjald kr. 7.00 fyrir grip.
 - c. Tómar tunnur. Gjald kr. 1.40 fyrir stykki.
 - d. Síld og lýsi í tunnum. Gjald kr. 4.20 fyrir stykki.
 - e. Síld til bræðslu. Gjald kr. 1.00 fyrir mál.
9. flokkur. Gjald kr. 0.75 fyrir teningsfet:
Trjáviður.
10. flokkur. Gjald kr. 1.40 fyrir teningsfet:
Allar aðrar vörur, sem reiknast eftir rúmmáli.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur nr. 29 23. apríl 1946, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Brynjólfur Ingólfsson.